



**Framhaldsskólinn
á Laugum**

**Lokaskýrsla
þróunarverkefnisins**

***Sveigjanlegt námsumhverfi
Persónubundin námsáætlun***

**Ingvar Sigurgeirsson
Arnór Benónýsson
Hallur Birkir Reynisson
Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir
Valgerður Gunnarsdóttir**

Nóvember 2009

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þróunarstarfi við Framhaldsskólann á Laugum sem staðið hefur undanfarin þrjú ár. Lögð hefur verið áhersla á frjótt, framsækið og nemendavænt starf þar sem einstaklingsmiðað nám er í fyrirrúmi.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu hafa starfsmenn lagt mikla vinnu í þetta mikilvæga verkefni og viðamiklar breytingar hafa orðið á skólastarfinu. Flest bendir til þess að verkefnið hafi skilað tilætluðum árangri. Starfsfólkinu eru færðar þakkir fyrir metnaðarfullt framlag. Áhersla hefur verið lögð á að allt starfsfólk skólans tæki þátt í mótun verkefnisins og hafa allir lagt sig fram af áhuga og metnaði.

Við undirbúning verkefnisins var skipuð verkefnistjón, en hana hafa skilað þau Arnóri Benónýsson, Hallur Birkir Reynisson og Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir. Þau hafa unnið ötullega allan tímann. Vandað starf þeirra er áreiðanlega mikilvægur lykill að þeim árangri sem náðst hefur. Mikið samráð hefur verið haft við nemendur um framgang verkefnisins og áhersla lögð á að hlusta á raddir þeirra. Ábendingar þeirra hafa nýst vel í starfinu

Þá skiptir máli sá góði stuðningur sem allan tímann hefur verið fyrir hendi frá starfsmönnum menntamálaráðuneytis, bæði faglegur og fjárhagslegur. Hið sama gildir um starfsmenn Fasteigna ríkissjóðs, sem hafa sýnt þessu þróunarstarfi mikinn skilning. Auðveldlega hefur gengið að fá gerðar þær breytingar, á annars gömlu húsnæði skólans, sem nauðsynlegar hafa verið til að laga aðstæður að þörfum verkefnisins. Í öllu þessu ferli hefur skipt miklu máli að hafa haft Ingvar Sigurgeirsson, prófessor, sem faglegan ráðgjafa. Hann hefur verið hvetjandi, uppbyggilegur, gagnrýninn og veitt faglega leiðsögn og aðhald.

Í þessu verkefni hef ég sem skólameistari verið óhrædd við að gefa starfsfólkinu tækifæri til að vinna heilshugar að þessu verkefni og verið vakandi yfir því að hvetja fólk til að vera frjótt og skapandi um leið og ég hef reynt að gæta þess að fólk héldi jarðsambandi. Ég er stolt af þessu starfi og legg þessa skýrslu fram í von um að hún þyki áhuguverð heimild um verkefnið.

Laugum, 12. nóvember 2009,

Valgerður Gunnarsdóttir
skólameistari

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Stundataflan brotin upp: Fagtímar og vinnustofur – samfelldur skóladagur.....	6
Samfelldur skóladagur.....	6
Vinnustofur	7
Persónuleg leiðsögn	9
Leiðsögukennarar.....	9
Kennsluhættir.....	11
Tölvu- og upplýsingatækni	12
Þemadagar, opnir dagar, verkefnadrifið nám.....	12
Námsmat	14
Jákvæð viðhorf nemenda til þróunarstarfsins.....	15
Viðhorf foreldra	18
Viðhorf kennara og annarra starfsmanna.....	19
Hindranir	20
Næstu skref	22
Heildarmat	23
Lokaorð.....	25
Heimildir	26
Fylgiskjöl.....	27

Inngangur

Á vordögum 2006 samþykktu starfsmenn Framhaldsskólans á Laugum að ráðast í þróunarverkefni sem gefið var heitið **Sveigjanlegt námsumhverfi – persónubundin námsáætlun**. Stefnt var að markvissum breytingum á kennsluháttum, námsmati og námsumhverfi, sem og á daglegum samskiptum kennara og nemenda í átt til aukinnar einstaklingsmiðunar. Kjarninn í þeim breytingum, sem gerðar voru, fólst í að fækka venjulegum kennslustundum um helming en bjóða nemendum í stað þess að sækja svokallaðar **vinnustofur** þar sem kennarar væru í leiðsagnarhlutverki. Í vinnustofunum ráða nemendur á hverjum tíma hvaða viðfangsefni þeir kjósa að fást við en kennarar hafa jafnframt möguleika á að sinna einstökum nemendum eða hópum eftir því sem á þarf að halda. Markmiðið var ekki síst að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og gera þeim kleift að fara hægar eða hraðar yfir námsefnið eftir námsgetu og þroska hvers og eins, en um leið að halda betur utan um nemendur félagslega og námslega, m.a. með því að efla leiðsagnarhlutverk kennara.

Sérstakt keppikefli var að bæta líðan nemenda og að skólinn yrði sem líkastur góðum vinnustað, m.a. með samfelldum skóladegi. Jafnframt skyldi gert átak til að nýta upplýsingatækni í náminu með markvissum og fjölbreyttum hætti. Markmiðið var að þróa námsumhverfi sem undirbyggi nemendur enn betur undir þátttöku í atvinnulífi og frekara nám en hefðbundið framhaldsskólanám.

Verkefninu voru í upphafi sett eftirfarandi markmið:

- Allur skólinn fylgi fyrirkomulagi sveigjanlegs námsumhverfis
- Nemendur stundi nám samkvæmt persónubundinni námsáætlun
- Bæta námsárangur og ástundun
- Minnka brottfall
- Bæta líðan nemenda í skólanum
- Breyta náms- og vinnuumhverfi þannig að upplýsingatækni verði lifandi þáttur í starfsemi skólans
- Skapa skólanum sérstöðu
- Auka aðsókn að skólanum og treysta rekstur hans

Þróunarverkefnið átti sér nokkurn aðdraganda. Um nokkurra ára skeið höfðu sveigjanlegir kennsluhættir verið hafðir að leiðarljósi á almennri námsbraut skólans (**Sverrir Haraldsson ...**). Nefna má að mikil áhersla var lögð á að nemendur ynnu eftir einstaklingsbundnum námsáætlunum. Var það mat kennara að þetta hefði gefið góða raun og að ástæða væri til að þróa þessa starfhætti þannig að þeir næðu til alls skólans. Þá skipti máli að flestir kennarar skólans höfðu reynt af þessari tilhögun.

Á vormisseri 2006 vann undirbúningshópur að útfærslu á hugmyndinni og var hún kynnt kennurum og starfsfólki skólans á vordögum. Skapaðist strax samhugur um hana meðal starfsmanna, bæði kennara og annars starfsfólks. Hugmyndin var send til umsagnar í menntamálaráðuneytinu og hvöttu starfsmenn ráðuneytisins eindregið til þess að farið væri af stað með verkefnið. Þann 7. júní 2006 samþykkti skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum að ráðast í verkefnið með fyrirvara um að fjármagn fengist til framkvæmda. Í framhaldi af því var skipað verkefnisstjórn.

Í upphafi var hugmyndin að hefja verkefnið með breyttri tilhögun hjá nýnemum eingöngu og stækka nemendahópinn í þremur skrefum þannig að á þriðja ári næði verkefnið til allra nemenda skólans. Þegar leið á fyrsta árið þótti auðsýnt að mjög bagalegt og nánast ókleift væri að reka tvenns konar kerfi í svo lítilli stofnun og var því ákveðið að nýja kerfið næði til alls skólans strax á öðru ári verkefnisins.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir meginþáttum í starfinu á Laugum og þeim breytingum sem ráðist hefur verið í. Jafnframt verður lagt mat á þá reynslu sem fengist hefur á undanförunum þremur árum. Byggt er á ýmsum gögnum sem haldið hefur verið til haga um verkefnið. Má þar nefna áfangaskýrslur áætlanir og vinnupappíra verkefnisstjórnar og minnisblöð sem ráðgjafi verkefnisins hefur haldið til haga en hann hefur heimsótt skólann reglulega, oftast tvisvar á misseri, fylgst með kennslu og rætt við nemendur og starfsfólk. Þá er byggt á ýmsum könnunum sem gerðar hafa verið á viðhorfum starfsfólks, nemenda og foreldra.

Stundataflan brotin upp: Fagtímar og vinnustofur – samfelldur skóladagur

Meginbreytingin sem gerð hefur verið á Laugum er fólgin í því að fækka kennslustundum á stundatöflu sem merktar eru tilteknum námsgreinum. Þeim hefur einfaldlega verið fækkað um helming. Námsgrein sem áður hafði fjórar kennslustundir á töflu hefur nú tvær. Þær kennslustundir sem greinin heldur eftir eru á Laugum kallaðar **fagtímar**. Á móti þeim tímum sem fækkað hefur verið sækja nemendur svokallaðar **vinnustofur**. Í vinnustofunum ákveða nemendur sjálfir hvaða viðfangsefni þeir glíma við á hverjum tíma. Tveir til þrjú kennarar liðsinna nemendum í vinnustofum og geta nemendur haft sérgrein þeirra til hliðsjónar þegar þeir ákveða hvaða viðfangsefnum þeir ætla að sinna hverju sinni. Vinnustofutímuna geta kennarar einnig notað til að ræða við nemendur einslega eða við hópa.

Í þessari breytingu felst að meðalnemandi sem tekur 17 til 18 einingar á önn sækir u.þ.b. jafn marga 40 mínútna fagtíma og vinnustofur á viku. Með þessu er leitast við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Þeir sem standa vel að vígi í náminu geta með þessu móti tekið fleiri einingar, það þýðir fleiri fagtíma og færri vinnustofur. Þeir sem vilja fara hægar geta sótt fleiri vinnustofur og fengið þannig meiri tíma til að sinna námi sínu.

Samfelldur skóladagur

Fyrirkomulag það sem þróað hefur verið á Laugum gerir kleift að bjóða nemendum samfelldan skóladag. Haldi nemendur vel á spöðunum geta þeir flesta daga lokið vinnudegi sínum á skólatíma.

Venjulegur skóladagur hefst klukkan 8.30 og byrja flestir dagar á stuttri vinnustofu sem lýkur kl. 9.00 en þá er sameiginlegur morgunverður. Áður byrjaði skóladagurinn kl. 8.00 en ákveðið var að breyta því, m.a. til að kanna hvort það hefði jákvæð áhrif á mætingu og reynist svo vera. Starfsdagurinn skiptist síðan í fagtíma og vinnustofur og lýkur eigi síðar en klukkan 15.30. Allir nemendur byrja á sama tíma, eru á sama tíma í mat og ljúka skóladeginum á sama tíma. Engar eyður eru í stundatöflum nemenda sem er að sjálfsögðu mjög eftirsóknarvert og kunna þeir vel að meta það.

	<i>mánudagur</i>	<i>þriðjudagur</i>	<i>miðvikudagur</i>	<i>fimmtudagur</i>	<i>föstudagur</i>
8:30-9:00	VST	VST	VST	LKN	VST
	<i>Morgunmatur</i>	<i>Morgunmatur</i>	<i>Morgunmatur</i>	<i>Morgunmatur</i>	<i>Morgunmatur</i>
9:25-10:05	DAN103	VST	STÆ102	VST	VST
10:10-10:50	ÍSL103	FÉL103	ÍSL103	VST	NÁM101
11:00-11:40	VST	ÍSL103	ÍPR	ENS102	DAN103
11:45-12:25	VST	VST	ÍPR	FÉL103	VST
	<i>Hádegismatur</i>	<i>Hádegismatur</i>	<i>Hádegismatur</i>	<i>Hádegismatur</i>	<i>Hádegismatur</i>
13:15-13:55	ENS102	ENS102	DAN103	VST	STÆ102
14:00-14:40	STÆ102	VST	FÉL103	VST	VST
14:50-15:30	VST	VST		VST	
	<i>Kaffi</i>	<i>Kaffi</i>	<i>Kaffi</i>	<i>Kaffi</i>	

Mynd 1 - Dæmi um stundatöflu nemanda

Kostir samfellds skóladags eru ótvíræðir. Nemendur nýta tíma sinn betur. Góður vinnuandi skapast og skólinn líkist venjulegum, góðum vinnustað.

Vinnustofur

Aðalrými fyrir vinnustofurnar er í tveimur samliggjandi opnum rýmum. Einnig gefst nemendum kostur á að vera á bókasafni skólans, í fundarsal eða fara í minna rými þar sem aðstaða er til hópvinnu.

Leitast hefur verið við að skapa notalegt vinnu- og námsumhverfi í vinnustofunum. Stöðugt er verið að þreifa sig áfram með tilhögun. Uppröðun borða í vinnustofunum er önnur en í hefðbundnum kennslustofum þar sem myndaðir eru básar og hópvinnumborð. Reynt er að hafa mismunandi vinnuaðstöðu þannig að nemendur geti að einhverju leyti valið sér aðstöðu sem þeim hentar best. Bókahillur eru notaðar til að afmarka vinnupláss, myndir prýða vegg, blóm setja sinn svip á umhverfið og á nokkrum stöðum hefur verið komið fyrir sófum þar sem nemendur geta látið fara vel um sig, t.d. þegar þeir eru að lesa eða ræða við kennara eða skólasystkini undir fjögur augu.

Misjafnt er hve margir nemendur eru samtímis í vinnustofum, allt frá því að vera 12 til 15 upp í það að allir nemendur skólans, u.þ.b. 110, eru í vinnustofu á sama tíma. Þetta fyrirkomulag hefur aukið samskipti og samvinnu allra nemenda skólans. Það hefur leitt af sér aukna samheldni í nemendahópnum sem aftur hefur haft jákvæð áhrif á vinnuandann og skólabraginn. Oft má sjá nemendur bera saman bækur sínar og hjálpast að.

Nemendur skipuleggja sjálfir, með aðstoð kennara, hvaða verkefnum þeir sinna í vinnustofum hverju sinni og geta þannig ráðið hversu miklum tíma þeir verja í hverja námsgrein. Sá sem er fljótur að vinna í einni grein og hefur hana vel á valdi sínu getur valið að verja vinnustofutímum í greinar sem kalla á meiri vinnu af hans hálfu. Í þessu felst aukið sjálfstæði nemenda, þeir verða meðvitaðri um stöðu sína og bera meiri ábyrgð á námsframvindu sinni. Með þessu móti geta nemendur í ríkum mæli notað þær vinnuaðferðir sem henta þeim best.

Í vinnustofum eru alltaf tveir til þrír kennarar samtímis. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að vera leiðbeinendur og verkstjórar. Þeir aðstoða nemendur við námið, gæta þess að vinnufriður sé í vinnustofunni, fylgjast með námsframvindu nemenda sinna og hafa tækifæri til þess að taka einstaklinga eða smærri hópa út til að vinna sérstaklega með þeim. Með þessu fyrirkomulagi hafa kennarar aukin tækifæri til að sinna hverjum nemanda og veita persónulega leiðsögn.

Reynsla kennara af þessari tilhögun er m.a. sú að þeir sjá miklu fyrr og betur en ella hver staða hvers nemanda er. Kennarinn sér vinnubrögð, ástundun og afköst í öðru ljósi og er miklu fyrr fær um að leggja mat á styrkleika og veikleika nemandans og þar af leiðandi grípa inn í er þörf krefur.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að auka samvinnu kennara. Sú aðferð að kennarar séu saman tveir til þrír í hverri vinnustofu gefur tækifæri til aukinnar faglegrar samvinnu. Kennararnir eru mun meðvitaðri um hvað samkennarar þeirra eru að gera. Fleiri tækifæri gefast til að ræða um fagleg málefni, eins og t.d. kennsluaðferðir og námsmat, og eins geta þeir borið saman bækur sínar um frammstöðu einstakra nemenda. Reynslan sýnir einnig að upplýsingar og ábendingar sem nýst geta nemendum berast mun greiðar á milli kennara en áður.

Óhætt er að fullyrða að flestir nemendur nýti vinnustofutíma sinn vel. Vissulega kemur fyrir að nemandi svarar persónulegum tölvupósti meðan á vinnstofu stendur, spjallar við skólafélaga um eitthvað sem ekki viðkemur náminu, kíkir á Netið, jafnvel leggst fram á borðið, en þetta eru undantekningar. Líklega kemur ekki á óvart að nokkur munur er á því, eftir kynjum, hvernig nemendur nýta tíma sinn. Stúlkurnar halda sig yfirleitt betur að verki en piltarnir.

Nemendur fara flestir mjög jákvæðum orðum um þetta fyrirkomulag þegar þeir eru spurðir um það, þó ekki henti það öllum. Þá finnst sumum nemendum að námið í vinnustofunum sé full einsleitt. Nokkrir hafa óskað eftir aukinni tilbreytingu – að skóladagurinn sé oftast brotinn upp og að verkefni séu fjölbreyttari.

Ráðgjafi verkefnisins hefur fylgst með hundruðum kennslustunda í íslenskum grunn- og framhaldsskólum. Hann treystir sér til að fullyrða að hvergi hefur hann séð nemendur í skólum hér á landi nýta skólatíma sinn betur til náms en hópurinn á Laugum gerði í þau skipti sem hann heimsótti skólann á síðasta skólaári. Þessi færsla á minnisblaði er færð 8. apríl 2008:

Vettvangsathuganir: Skemmst er frá því að segja að ég var mjög sáttur við það sem bar fyrir augu þennan dag. Vinnusemi nemenda var með miklum ágætum og minnst ég þess ekki að hafa séð jafn marga nemendur, jafn lengi að verki og þennan dag. Aðeins tveir nemendur sáu stá slá slöku við. Stemming var mjög notaleg allan daginn. Einnig fannst mér nemendur vera að fást við áhugaverðari verkefni en oft áður. Virkni nemenda entist allan daginn og ég tók sérstaklega eftir því að rétt fyrir dagslok var verið að keppast við. Til gamans má geta þess að kl. 14.56 skrifa ég þessa athugasemd í kompuna mína: *Mikil iðni nemenda – þetta er að ganga lygilega vel.*

Einhver lesandi kann að spyrja hvort ekki sé eðlilegt að flestir nemendur nýti skólatíma sinn vel. Sú virðist því miður ekki raunin. Athuganir ráðgjafa sýna að í flestum kennslustundum er það einungis hluti nemenda sem fylgist með allan tímann. Fleiri rannsóknir staðfesta þetta (Rúnar Sigþórsson, 2008).

Persónuleg leiðsögn

Í fámennum skóla eins og Framhaldsskólanum á Laugum eru góðar forsendur til þess að mynda persónulegt samband við nemendur. Einn liður í þróunarverkefninu var að efla þessi tengsl enn frekar, koma þeim í fastara form og nýta þau markvissar í þjónustu við nemendur. Einn megintilgangurinn með vinnustofunum var að skapa aðstæður þar sem kennarar gætu sinnt nemendum á einstaklingsmiðaðri hátt en áður. Starf umsjónarkennara var eftt í upphafi verkefnisins og áhersla lögð á að þeir fylgdust sem best með umsjónarnemendum sínum. Auk þess hafa nemendur haft mjög góðan aðgang að námsráðgjafa.

Sjá má af umsögnum nemenda að kennurum hefur tekist að mynda gott samband við þá. Hér eru nokkur dæmi um viðhorf nemenda þegar þeir eru beðnir um að nefna það sem þeim finnst jákvætt við skólann:

Þegar kennararnir hjálpa manni hér þá þekkja þeir mann miklu betur og vita hvað maður er að fást við heldur en í öðrum skólum. Mjög gott kerfi. Mikill skilningur sýndur fyrir göllum manns.

Kennararnir þekkja hvern og einn og hvaða sérkenni hver nemandi hefur.

Maður var snöggur að kynnast kennurunum og það hjálpar.

Kennararnir eru mjög góðir og mér líður ekki eins og einhverjum hlut heldur er gott samband milli kennara og nemenda.

Hjálpssemi og hlýhugur sumra kennara og alls starfsfólks.

Persónulegt umhverfi.

Leiðsögukennarar

Á síðasta ári þróunarverkefnisins var farið í að efla þátt persónulegrar leiðsagnar enn frekar. Á haustönn 2008 var tekið upp svokallað **leiðsögukennarakerfi** sem byggist á því að hver nemandi fær leiðsögukennara í upphafi skólagöngu sinnar sem síðan fylgir honum til útskriftar. Útgangspunkturinn í allri samvinnu leiðsögukennara og nemenda er námið.

Markmið kerfisins er að:

- Auka ábyrgð nemenda á eigin námi
- Gera nemendur meðvitaðri um eigin námsframvindu
- Að nemendum líði vel í skólanum
- Bæta námsárangur nemenda
- Bæta mætingu og minnka brottfall
- Auka samvinnu nemenda og kennara

Hlutverk leiðsögukennara er skilgreint með svofelldum hætti:

- Veita persónulega leiðsögn í gegnum alla skólagönguna
- Fylgja eftir persónubundinni námsáætlun
- Hvetja nemendur til að nýta hæfileika sína
- Aðstoða nemendur við skipulag, námsaðferðir og námstækni

- Vera nemendum innan handar í persónulegum og félagslegum málum og vísa áfram ef þörf krefur
- Vera fulltrúi nemenda gagnvart skólayfirvöldum
- Eiga samskipti við foreldra eða forráðamenn

Eitt af aðalverkefnum leiðsögukennara er að aðstoða nemendur við gerð námsáætlana, bæði til lengri tíma og skemmri. Þannig verða nemendur mun meðvitaðri um þau verkefni sem framundan eru og ábyrgð þeirra á eigin námsframvindu eykst. Gæta þarf þess að endurskoða og uppfæra námsáætlanirnar reglulega. Einnig aðstoða leiðsögukennarar nemendur við að finna þá leið sem hentar þeim best við skipulag og utanumhald um námið.

Leiðsögukennari fylgist með ástundun og námsframvindu nemenda og grípur inni ef þetta er ekki í lagi. Þess vegna er mikilvægt að samstarf leiðsögukennara við aðra fagkennara og námsráðgjafa sé gott. Þannig láta fagkennarar leiðsögukennara vita ef ástundun nemanda er ábótavant. Leiðsögukennarinn vinnur síðan að bót mála með nemandanum og metur hvort ástæða er til að kalla fleiri til samvinnu, eins og fagkennara, námsráðgjafa, foreldra, áfangastjóra, skólameistara eða aðra fagaðila. Einnig hittast leiðsögukennarar reglulega til að bera saman bækur sínar.

Í stundatöflu er einn tími á viku þar sem hver leiðsögukennari eru með sinn hóp í vinnustofu. Þessir tímar eru merktir inn sem vinnustofutímar, en leiðsögukennarinn hefur þar aðgang að öllum leiðsögunemendum sínum. Þarna skapast tækifæri til að halda fundi með leiðsögunemendum eða taka nemendur út til viðtals. Fundirnir eru m.a. notaðir til að vinna að námsáætlunum með nemendum og koma upplýsingum og tilkynningum til þeirra, en ekki síður til að skapa umræður um skólastarfið og kalla eftir mati nemenda á því. Mikið er lagt upp úr því að hlusta á raddir þeirra, halda til haga því sem brennur á þeim og koma athugasemdum og ábendingum frá þeim áfram innan skólans.

Leiðsögukennarar halda samskiptamöppu fyrir hvern leiðsögunemanda. Þar eru skráð öll samskipti milli leiðsögukennarans og nemandans, einnig öll samskipti við aðra aðila eins og t.d. foreldra, fagkennara og námsráðgjafa. Leiðsögukennarar eru í sambandi við foreldra/forráðamenn ólöggráða nemenda a.m.k. einu sinni á önn.

Reynsla þessa fyrsta vetrar af leiðsögustarfinu var góð. Leiðsögukennarar og nemendur voru mjög jákvæðir gagnvart „leiðsöguvinnustofunni” og töldu hana nýtast mjög vel. Það var einróma álit kennara að þessir tímar væru ómissandi og „svínvirkuðu”. Einnig töldu leiðsögukennarar að þeir væru í mun betri tengslum við nemendur sína en áður og nemendur væru almennt meðvitaðri um stöðu sína í náminu og upplýstari um þau verkefni og nám sem framundan væri hjá þeim. Galli væri þó að vera með nemendur í leiðsögn sem þeir væru ekki að kenna. Auk þess nefndu leiðsögukennarar að starfið væri mjög gefandi, en oft á tíðum mjög krefjandi. Sumir nemendur þyrftu mjög mikla aðstoð og eftirfylgni og erfitt væri að meta hve langt þeir ættu að ganga í þeirri vinnu. Í viðkvæmum málum væri andlegt álag sem fylgdi starfinu einnig umtalsvert. Huga þarf vel að því að leiðsögukennurum líði vel í starfi sínu og geti leitað til annara fagaðila þegar þess er þörf.

Nemendur eru duglegir að leita til leiðsögukennara um hvaðeina sem snýr að skólavistinni og líta m.a. á þetta sem vettvang til að koma skoðunum sínum á skólastarfinu á framfæri.

Í þessu sambandi er áhugavert að nýlegar rannsóknir benda eindregið til þess að gott samband kennara og nemenda og gott leiðsagnarkerfi sé sú nálgun sem vænlegust er til að tryggja sem bestan námsárangur og sporna gegn brottfalli úr námi (Ancess, 2008).

Þá má nefna að sálfræðingur var fenginn til þess að koma og vera með viðtalstíma í skólanum einu sinni í mánuði. Til hans gátu bæði nemendur og kennarar leitað. Þetta reyndist afar þýðingarmikið og er gríðarlega mikilvægt að halda þessari þjónustu áfram. Haustið 2009 var ákveðið að hjúkrunarfræðingur á vegum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga kæmi reglulega í skólann.

Kennsluhættir

Próunarverkefnið hefur kallað á ýmsar breytingar á kennsluháttum. Segja má að meginhugmyndin sé að hafa nám nemenda í forgrunni, en ekki kennslu. Einnig er lögð áhersla á að mæta nemendum á jafningjagrunni eftir því sem unnt er. Eins og áður hefur komið fram fá kennarar einungis helming þeirra kennslustunda sem þeir fengu áður, þar sem þeir eru einir með námshópnum sínum (fagtímar), auk þess sem þeir þurfa að skipuleggja námið þannig að nemendur hafi viðfangsefni til að vinna að í vinnustofum. Því þurftu kennarar að aðlaga nám nemenda þessum kennsluháttum, m.a. með því að skipuleggja sjálfstæð viðfangsefni. Til að skapa góðan ramma utan um þetta var tekið upp kennsluumsjónarkerfið Angel (sjá síðar). Jafnframt voru kennarar hvattir til að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum. Þeir höfðu nokkuð frjálssar hendur um hvernig þeir skipulögðu kennsluna og hve hratt þeir færu í breytingar.

Sem dæmi um fjölbreyttari kennsluhætti má nefna að kennsla í sálfræði hefur tekið mið af fjölgreindakenningu Gardners (Armstrong, 2001) þar sem nemendur tóku fyrst stutt próf til þess að meta á hvaða sviðum þeir byggju yfir mestri greind. Niðurstaða þessa prófs var síðan notuð til þess að raða nemendum í hópa þar sem þeir áttu að nýta sér sínar sterku hliðar til þess að leysa sjálft sálfræðiverkefnið um þroska barna. Hóparnir höfðu frjálssar hendur um það hvernig þeir skiluðu af sér. Má til dæmis nefna að hópurinn sem hafði einstaklinga með mestu tónlistargreindina bjó til lag og texta og stofnaði hljómsveit sem flutti lagið.

Í náttúrufræði fengu nemendur verkefni þar sem þeir sömdu smásögur um lögmál Newtons og kynntu þær. Niðurstaðan varð sú að nemendur áfangans þældu mikið í innihaldi lögmálanna og sýndu í prófi dýpri skilning á þeim. Í félagsfræði hafa nemendur fengið hópverkefni sem fólst í því að semja leikrit um löggjöf sem snerta börn og ungmenni. Þannig urðu til leikrit sem voru byggð á lögum um barnavernd, leikskóla og grunnskóla.

Próunarverkefnið hefur líka leitt af sér sveigjanlegri námshraða í nokkrum námsgreinum, þar sem lok og byrjun áfanga er ekki bundin annarskilum. Þar eru því nemendur, eðli málsins samkvæmt, ekki allir í sama áfanga. Sem dæmi um þetta er eðlisfræði þar sem sumir voru að ljúka EÐL103 á sama tíma og aðrir voru í miðjum EÐL203 og einn að byrja á EÐL303.

Á síðasta ári þessa próunarverkefnis hafa kennarar í auknum mæli verið að þreifa sig áfram með mismunandi fyrirkomulag við samþættingu námsgreina og samkennslu. Á vorönn 2009 hófst samkennsla í tveimur áföngum, ensku 503 og íslensku 303. Samkennslunni var þannig háttað að enskukennari kom einu sinni í viku í fagtíma í íslensku 303 og íslenskukennari sótti fagtíma í ensku 503 einu sinni í viku.

Annað dæmi er samþætt verkefnadrifið nám á haustönn 2008. Þar var gerð nýstárleg tilraun, bæði hvað varðar samþættingu námsgreina, fyrirkomulag verkefna, verkefnaskil og ekki hvað síst námsmat. Allir nemendur og kennarar skólans voru þátttakendur í því verkefni sem fólst m.a. í því að nemendur urðu að fást við sjálfstæð viðfangsefni sem tengdust tveimur eða fleiri áföngum sem þeir voru að fást við á misserinu (sjá fylgiskjal 1).

Á samráðsfundum kennara kom fram að þeir telja jákvætt hvað samstarf og fagleg umræða meðal kennara hefur aukist, persónuleg samskipti við nemendur eru meiri og betri en áður og kennsluaðferðir hafa breyst í þá átt að minna er um einstefnumiðlun en meira um sjálfstæð viðfangsefni og uppgötvunarnám. Margir kennarar sjá í þessu breytta námsumhverfi tækifæri til endurnýjunar í starfi, möguleika á samþættingu námsgreina og tækifæri til meira faglegs og þverfaglegs samstarfs og fjölbreyttari kennsluaðferða.

Tölvu- og upplýsingatækni

Eins og fram hefur komið var ákveðið að nýta kennsluumsjónarforritið Angel í tengslum við þær breytingar sem gerðar voru á Laugum. Kerfið gerir nemendum kleift að skipuleggja nám sitt og fylgjast með námsframvindu sinni frá degi til dags því kerfið gefur þeim gott yfirlit um hvar þeir standa, auk þess sem þeir sjá hvaða verkefni bíða þeirra. Þá geta þeir átt samskipti við kennara og sent þeim fyrirspurnir eða ábendingar og rætt við skólasystkini sín.

Auk þess að nota Angel er lögð áhersla á að nemendur noti INNU – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla – til að fylgjast með mætingum og námsferli sínum. Markmiðið er að nemandinn verði ábyrgari fyrir námi sínu.

Eftir því sem á hefur liðið hafa verið gerðar auknar kröfur til kennara um notkun á Angel. Nú er svo komið að allir kennarar setja námsáætlanir (vikuáætlanir) inn í Angel fyrir alla áfanga. Flestir kennarar leggja einnig hluta af verkefnum áfanganna fyrir í Angel, og eru með einkunnabókþar sem nemendur geta fylgst með stöðu sinni.

Lögð er áhersla á að kenna nýnemum á kerfin og rifja upp með öðrum nemendum sem þess óska eða þurfa. Auk þess nýta nemendur tölvunar til margvíslegrar upplýsingaöflunar við námið. Í tengslum við það leggja kennarar áherslu á að kenna nemendum að umgangast allt það efni sem er aðgengilegt á netinu, bæði hvað varðar höfundarétt og ekki síður að vera gagnrýnir á það efni sem þar er að finna.

Þemadagar, opnir dagar, verkefnadrifið nám

Eitt af markmiðum nýja námsfyrirkomulagsins var að stefna að því að samþætting námsgreina og þverfaglegt nám yrði eðlilegur þáttur í skólastarfinu. Einnig var áhugi á að hvetja og virkja nemendur til þess að velja sér sjálfir viðfangsefni til úrlausnar sem tengjast í senn náminu og áhugasviðum nemenda.

Síðustu tvö skólaár var ákveðið að brjóta upp hefðbundið skólastarf, annars vegar með svokölluðum **þemadögum** og hins vegar með **verkefnadrifnu námi**.

Á þemadögum er boðið upp á styttri námskeið sem eru ýmist undir stjórn kennara skólans eða utanaðkomandi aðila. Viðfangsefnin eru ákveðin af kennurum eftir að gerð er könnun meðal nemenda um hvað þeir vilja helst fást við á þessum dögum. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna: Snyrtinámskeið, hestamennsku, bútasam, dorgveiði, bakstur,

þrjónanámskeið, grímugerð og hálendisferð með hjálparsveitum. Hluti nemenda vinnur að undirbúningi á Tónkvíslinni, sem er forkeppni skólans fyrir söngkeppni framhaldsskólanna, en nemendur leggja mikla vinnu í undirbúning og framkvæmd hennar. Nemendum í grunnskólum á Norðausturlandi er boðið að taka þátt í keppninni. Mikil ánægja er meðal nemenda og starfsfólks með þessa daga og eru þeir frískandi uppbrot á venjubundnu starfi. Um leið fer fram margháttað nám með óhefðbundnum hætti.

Verkefnadrifið nám er tilraun til að þýða enska hugtakið **project based learning**. Í apríl 2008 voru fjórir dagar lagðir undir nám sem gekk undir þessu heiti. Hópur kennara vann að undirbúningi í samvinnu við nemendur og annað starfsfólk. Nemendur unnu ýmist saman í hópum eða einir að fjölbreyttum verkefnum. Lagt var upp með yfirskriftina **Samfélagið okkar** en segja má að útkoman hafi fyrst og fremst verið frjáls sköpun. Meðal verkefna má nefna: tíkusýningu frá Viktoríutímanum, kökubakstur (þar sem bakaðar voru kökur tengdar ýmsum löndum), myndlistarsýningar, fuglaskoðun, virkjanagerð og smásagnagerð.

Afurðirnar voru sýndar á opnum degi á sumardaginn fyrsta og þurftu nemendur að fylgja þeim úr hlaði og vera til staðar og útskýra þau fyrir gestum.

Opinn dagur á sumardaginn fyrsta er orðinn fastur liður í starfi skólans. Þá er íbúum í nálægum sveitarfélögum, þingmönnum kjördæmisins og sveitarstjórnarmönnum boðið að koma í skólann og kynna sér starfsemi hans og þiggja veitingar. Er þetta liður í því að treysta tengsl skólans við nærsamfélagið.

Á haustönn 2008 var unnið að verkefnadrifnu námi, þar sem hver nemandi valdi tvo til þrjá af þeim áföngum sem hann var að fást við á misserinu og samþætti einhver markmið þeirra (fylgiskjal 1). Vinnan hófst á því að nemendur unnu verklýsingu þar sem fram kom hvaða áfanga hann ætlaði að samþætta, út á hvað verkefnið gengi, hvernig það tengdist markmiðum hvers áfanga fyrir sig, hvernig hann hugsaði sér að vinna verkið og á hvaða formi lokaafurðin ætti að vera. Leiðsögukennarar þurftu að samþykkja verkáætlanir. Vinna við verklýsingar fór fram í lok nóvember, en unnið var að verkefninu sjálfu síðustu fjóra daga annarinnar. Nemendur voru hvattir til þess fara út úr skólastofunni og lögð áhersla á að þeir fengjust við „óhefðbundin skólaverkefni“.

Ætlast var til að nemendur innu fullan skóladag alla þá daga sem verkefnið stóð yfir. Auk verkáætlunar þurftu nemendur að skila vinnudagbók, gera grein fyrir lokaafurðinni og taka þátt í jafningja- og sjálfsmati.

Ljúka þurfti samþættingarverkefninu til þess að ljúka viðkomandi áföngum og gat það haft áhrif til lækkunar eða hækkunar á einkunn. Verkefnakynningarnar fóru fram í sex til átta manna hópum og voru metnar með jafningjamati. Hluti námsmats var sjálfsmat sem fram fór í svokölluðu „sparifataprófi“ (sjá fylgiskjal 2). Það próf tóku allir nemendur í lok verkefnis, þar sem þeir gerðu m.a. grein fyrir verkefni sínu og lögðu mat á eigin vinnu. Allir kennarar skólans komu saman til þess að fara yfir prófin og meta verkefni nemenda sameiginlega. Þeir lögðu mat á þann þátt verkefnanna sem snéri faglega að einstökum áföngum.

Viðhorf bæði nemenda og kennara var í heildina litið mjög jákvæð til þessara verkefna. Það setti þó mark sitt á verkefnið að mjög mikið álag var á nemendum síðustu tvær vikurnar á

undan og bitnaði það á undirbúningi og vinnuanda við upphaf verkefnisins. Þegar verkefnið var komið í gang gekk það hins vegar mjög vel og setti skemmtilegan blæ á skólastarfið. Nemendur kepptust við, voru duglegir að nýta sér aðstoð kennara og voru stoltir af því að skila afurðinni til skólasystkina. „Sparifataprófið“ setti svo skemmtilegan svip á skólabraginn í annarlok þegar allir nemendur mættu á sama tíma þrúðbúnir til prófs, fengu að því loknu hátíðarmat í mötuneytinu, áður en hver hélt til síns heima í langþráð jólafrí.

Viðhorf nemenda til þess að brjóta upp kennslu á þennan hátt eru mjög jákvæð eins og sjá má af þessum umsögnum þeirra þegar þeir lýsa viðhorfum sínum til skólastarfsins:

Jákvætt: Hvernig búið er að brjóta upp námið, t.d. með þemadögum og verkefnadrifna náminu.

Kennarar eru nokkuð meðvitaðir um hag nemendanna og kemur það einnig fram með þeim dögum sem hafðir eru til þess að „krydda“ námskerfið. (Matsfundir með ráðgjafa vorið 2008).

Námsmat

Lögð hefur verið áhersla á að kennsluaðferðir og námsmat þróist í takt við þær breytingar sem gerðar hafa verið á námsumhverfinu. Stefnt er að því að koma til móts við nemendur og stigin hafa verið skref í átt að persónubundnu námsmati þar sem leitast er við að fá nemendur til þátttöku í námsmatinu og gefa þeim tækifæri til að velja sér námsmatsleið sem hentar þeim.

Aukin áhersla hefur verið á símat og fjölbreyttar námsmatsaðferðir og stór lokapróf eru á miklu undanhaldi.

Á vorönn 2008 var horfið frá því að hafa hefðbundið prófatímabil við lotuskil í mars og einungis teknir fimm prófadagar í annarlok. Þau próf sem þar voru lögð fyrir voru yfirleitt kafla- eða hlutapróf sem giltu 15–30% af áfanga. Á haustönn 2008 voru síðan allir formlegir prófadagar felldir niður. Kennurum var hins vegar gefinn kostur á að panta einn prófdag einhvern tímann á önninni fyrir hvern áfanga ef þeir vildu fá lengri tíma en eina kennslustund til próftöku. Þessi breyting þýðir ekki að vilji sé til að útrýma prófum með öllu heldur fella þau sem best inn í nám og kennslu. Eðlilegra er talið að þau séu tekin þegar best hentar, miðað við yfirferð námsefnisins, frekar en að festa þau á ákveðnum próftíma. Þannig nýtist starfstími nemenda í skólanum betur til náms en stundum hefur orðið raunin í hinum hefðbundnu prófavikum.

Fáir kennarar pöntuðu prófadag á haustönninni en reyndin varð þó sú að margir töldu nauðsynlegt að hafa stór lokapróf og lentu þessi próf því inn á kennslutíma undir lok annar. Þetta skapaði mikið álag síðustu kennsluvikur annarinnar og nemendur létu óspart í sér heyra og töldu þetta óviðunandi. Það var því ljóst að bregðast þurfti við og greinilegt að leggja þarf meiri áherslu á að dreifa álagi jafnar yfir alla önnina. Að öðru leyti var ánægja með það fyrirkomulag að dreifa prófum á önnina í stað þess að hafa lokaprófsdaga í annarlok.

Í upphafi vorannar var tekin sú ákvörðun að kennarar skyldu velja í byrjun annar einhverja af fjórum mismunandi námsmatsleiðum fyrir áfanga sína. Það eru símatsleið, hlutaprófsleið, lokaritgerðarleið og lokaprófsleið (sjá fylgiskjal 3). Í ljós kom að fáir völdu lokaprófsleið.

Einungis tveir áfangar voru byggðir upp með meira en 40% lokapróf. Í tveimur öðrum áföngum valdi hluti nemendanna þá leið að taka stór lokapróf og niðurstaðan varð sú að vera með tvo hefðbundna lokaprófsdaga í lok vorannar 2009. Annað námsmat fór fram á kennslutíma. Með þessu fyrirkomulagi tókst að dreifa álaginu jafnar yfir önnina, auk þess að gera kleift að enda á stóru lokaprófi. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag, bæði meðal nemenda og kennara.

Á vorönn 2009 var tekið upp sú nýjung að mætingar og ástundun í vinnustofum skyldu gilda 20% einkunnar í hverjum áfanga. 7,5% var mæting í fagtíma í hverjum áfanga fyrir sig, 7,5% var mæting í allar vinnustofur og 5% var vinnusemi í vinnustofum. Mat á vinnu nemenda í vinnustofum var tvíþætt. Annars vegar tóku kennarar stikkprufur, reglubundið yfir alla önnina, þar sem þeim gáfu nemendum einkunn fyrir vinnu í vinnustofu. Meðaltal þessar einkunnar var fundið fyrir hvern nemanda. Hinn hluti einkunnarinnar var samansettur þannig að um miðja önn og aftur í lok annar settust kennarar niður í þriggja til fjöggra manna hópum og komu sér saman um vinnueinkunn hvers og eins nemanda skólans. Meðaltal var síðan tekið af þessum einkunnum. Við skoðun á einkunnum kom í ljós að mjög mikið samræmi var á milli þeirra einkunnar sem hver nemandi fékk úr hverjum þætti fyrir sig. Mæltist þessi aðferð vel fyrir. Útbúin var einkunnakvarði sem tilgreinir hvaða einkunn nemendur fá miðað við mætingu. Það var mat kennara eftir önnina að mæting hafi haft of mikið vægi í einkunn og stefnt er að því að draga úr væginu.

Kennarar voru duglegir við að gera ýmsar tilraunir í námsmati. Sjálfsmat og jafningjamat fékk víða aukið vægi, dæmi voru um bæði hóppróf og „svindlpróf“. Munnleg verkefnaskil voru meiri en áður hefur verið þar sem nemendur skiluðu stórum verkefnum, t.d. með fyrirlestrum, leikþáttum eða jafnvel söng (þar sem bæði textar og lög voru samin af nemendum). Í sumum námsþáttum gáfu nokkrir kennarar sameiginlegar einkunnir. Með fjölbreytni í námsmati tekst væntanlega betur að koma á móts við mismunandi þarfir nemenda. Þeir fá frekar tækifæri til að nýta sínar sterku hliðar við að koma færni sinni og þekkingu á framfæri.

Í sumum áföngum stóð nemendum til boða að velja mismunandi námsmatsleiðir. Þessi breyting á námsmati er liður í því að efla persónubundna námsáætlun. Þannig er verið að opna leið til ljúka ákveðnu námsefni eða námsáfanga með mismunandi hætti og á breytilegum hraða.

Jákvæð viðhorf nemenda til þróunarstarfsins

Frá upphafi verkefnisins hefur verið leitast við að fylgjast vel með viðhorfum nemenda og hafa raddir þeirra til hliðsjónar við þróun starfshátta. Leitað hefur verið eftir skoðunum þeirra með margvíslegum hætti. Rætt hefur verið bæði formlega og óformlega við nemendur. Ráðgjafi verkefnisins hefur í heimsóknum sínum spurt nemendur reglulega um viðhorf þeirra til skólans, kennaranna, kennslunnar og fyrirkomulagsins. Meðlimir stýrihópsins hafa sömuleiðis leitast við að forvitnast um viðhorf nemenda. Auk óformlegra umræðna hafa þeir nýtt umsjónartíma með nemendum til að ræða við þá um líðan, aðbúnað, ástundun og vinnubrögð.

Ráðgjafi hefur haldið matsfundi með hópum nemenda þar sem þeir hafa verið beðnir um að lýsa því sem þeir hafa verið sáttir við sem og því sem þeir hafa verið óánægðir með. Slíkir fundir hafa verið haldnir reglulega. Dæmi um viðhorf nemenda á slíkum fundum eru á töflu 1.

Tafla 1
Dæmi um viðhorf nemenda á matsfundi. Atriðin komu fram á fundi
með nemendum á 1. ári í mars 2007

Jákvæð atriði	Það sem betur má fara
<ul style="list-style-type: none"> • Margt jákvætt í skólanum • Tímarnir hafi verið styttrir sem er kostur • Kennslan er góð • Spjöldin (skilrúm milli vinnustöðva í vinnustofu) hurfu • Stærðfræðikennslan er mjög góð • Heimavistin • Matsalurinn • Við eignumst góða vini • Persónulegt umhverfi • Fáum aðstoð í tímum • Persónuleg kennsla • Námsfyrirkomulagið • Breytingar um áramót – 60 mín. var of langur tími fyrir vinnustofur • Skemmtilegt námsefni • Sniðugt vinnustofukerfi • Heimilislegt – maður þekkir alla • Gott að byrja klukkan 8:30 – maður er betur vaknaður • Sveigjanleiki með svo margt, t.d. að velja viðfangsefni í vinnustofum • Persónulegt – alltaf hægt að fá hjálp • Góður matur • Flestar breytingar um áramót til bóta • Þemaverkefni mjög jákvætt • Ferðin á Vestmannsvatn (febrúar) var mjög skemmtileg. 	<ul style="list-style-type: none"> • Bara þýska í boði sem þriðja tungumál. Vildum líka geta valið frönsku • Félagslífið • Lítið gert – fáir sem mæta – ekki á áhugasviði allra • Auka fjölbreytni í félagslífi, t.d. hljómsveitakvöld, ljóðakvöld • Vantar samheldni milli nemenda til að vera með • Félagslífið þarf að bæta • Félagsfræði – bókin svo leiðinleg + alltaf að koma nýjar útgáfur • Félagsfræði – kennsluáðferðin leiðinleg • Hlustað á glærur allan tímann, engin verkefni í félagsfræði – gera meira svo við munum betur efnið – ekki gott að hafa bara 30 mín. til að leysa verkefni á Angel • Angel – ekki endurgjöf á verkefni á Netinu • Setja uppeldisfræði í námskrána í staðinn fyrir félagsfræði • Glærur (yfirleitt) orðnar svo leiðinlegar • Ekki gott að vera í þremur prófum á dag • Ekki gott að þurfa að taka tvö próf á sama tíma • Vinnustofur ömurlegar – maður hefur ekkert að gera og má ekki fara þegar maður er búinn • Ekki gott að fella alltaf niður íþróttir – það eina sem brýtur upp daginn og þær eru skemmtilegar • Vantar smíðar og eitthvað verklegt • Hafa fleiri kennslustundir og fækka vinnustofum • Of mikið er sett fyrir • Alltaf öll verkefni á sama tíma og svo ekkert að gera á milli • Þarf að samræma verkefnaskil milli kennara • Þoli ekki Angel – m.a. lélegt samband heima – ekki hægt að fara yfir verkefni – ekki nógu margar tölvur í skólanum • Hentar ekki öllum að vinna í tölvum

Eins og sjá má eru nemendur flestir mjög jákvæðir gagnvart kennsluháttunum. Svör þeirra bera nokkurn keim af þeim breytingum sem gerðar höfðu verið um áramótin 2006–2007 og fólust m.a. í því að stytta lotur úr 60 mínútum í 40 mínútur og að byrja starfsdag kl. 8.30 en ekki 8.00 eins og áður hafði verið. Þá höfðu einnig verið nokkur vandkvæði með tölvukerfi

skólans og ljóst að það hefur angrað nemendur, ekki síður en starfsfólk. Þá kemur fram að flestum líkar vinnustofukerfið vel þótt það henti ekki öllum.

Loks hafa nemendur verið beðnir um skriflegar álitserðir um námið og hefur það verið gert í lok beggja fyrstu árána. Á töflu 2 eru tvö dæmi um viðhorf nemenda.

Tafla 2 Dæmi um viðhorf tveggja nemenda (maí 2008). Nemendur voru beðnir að gera skriflega grein fyrir þeim þáttum sem þeir væru ánægðir með í náminu og því sem þyrfti að bæta	
<p>Jákvætt</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gott að hafa allar vinnustofur í Gamla skóla [á sama stað] • Allir fagtímar á einum stað í Dvergasteini [í sama húsi] • Hversu rólegir kennararnir eru í vinnustofunum • Hversu góður andi er í hópnum • Að borðunum er snúið út í vegg í vinnustofunum eins og er í miðdeild <p>Neikvætt</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fyrir áramót þegar sumar vinnustofur voru í Gamla skóla og aðrar í Dvergasteini • Kennarar setja stór verkefni fyrir á sama tíma • Þegar kennarar skamma mann fyrir að vera að læra – en þeir halda að maður sé að leika sér • Vantar að moka gönguleiðir milli skólabygginga í snjó • Vantar fleiri kennara á bókasafnið þegar vinnustofur eru 	<p>Jákvætt</p> <ul style="list-style-type: none"> • Frelsi í námi • Vel fylgst með manni persónulega • Persónuleg hjálp (kennararnir þekkja mann) • Þægileg vinnuaðstaða • Maður vinnur það sem mann langar og þarf að gera • Kennararnir alltaf til í að hjálpa manni • Maður getur spjallað um námið hvenær sem er í vinnustofum við vini sína eða kennara (frjálst) • Mikið unnið í gegnum tölvur sem er mjög þægilegt <p>Neikvætt</p> <ul style="list-style-type: none"> • Oft mikill kliður í vinnustofunum • Stundum svolítið of mikið verið að fylgjast með manni og um leið að trufla mann (kennarar) • Á vissu tímabili var of mikil heimavinna þó maður væri á fullu allan daginn – gæti verið vegna þess að kennarar séu hræddir um að ekki væri nóg að gera hjá okkur í vinnustofum og hræddir um að allt færi úr böndum

Segja má að viðhorfin sem fram koma í töflu 2 séu dæmigerð. Þau eru í meginatriðum jákvæð en athugasemdir nemenda um það sem betur má fara engu að síður áhugaverðar og gagnlegar. Ábending nemenda um að stundum séu kennarar nánast að trufla nemendur í vinnustofum vekur vissulega til umhugsunar.

Tafla 3

Dæmi um viðhorf nemenda (apríl 2009). Nemendur voru beðnir að gera skriflega grein fyrir því hvort þeir myndu hvetja vini sína til þess að hefja nám við FL

Já, ég hvet aðra til að koma

- Því ég held að skólinn geti aðlagð sig að hverjum einstaklingi og hjálpað honum með það sem hann þarf hjálp við.
- Hér líður manni vel í heildinna.
- Mjög góður skóli, við fáum mikla hjálp ef þess er þörf og got félagslíf.
- Þetta kerfi hentar mér mjög vel, gott og mikið íþróttalíf.
- Vegna þess að hér þekkja allir alla og kennararnir þekkja mann persónulega ekki bara nafn eða tala.
- Sniðugar þessar vinnustofur.
- Þú öðlast sjálfstæði með því að fara úr heimahúsum og það er góður andi hér í skólanum og frábær aðstaða fyrir íþróttir og sund.
- Bara mjög góður skóli og gaman að vera hér.
- Vegna þess að skólinn býður upp á gott námsumhverfi og námsmatið er í flestum áföngum sanngjarnt og vel skipulagt. Svo er þetta frábær staður með góða aðstöðu til íþróttar.
- Þetta er hrikalega þægilegur skóli og kósý skóli þrátt fyrir allt og hann þarf að versna mikið til að ég mæli ekki með honum.

Nei, ég hvet ekki aðra til að koma

- Ekkert frekar, vegna þess að það er alltaf verið að hræra í skólakerfinu sem er mjög óþægilegt.
- Mun ekki gera það nema ég komi aftur.
- Laugar er búið að breytast og er ekkert af þeim skemmtilegu síðum sem nemendur hafa gert í gegnum tíðina leyfðir lengur, svo líkar mér ekki við námsmatið.
- Ekki nógu mikið næði í vinnustofum

Það sést greinilega á þessum athugasemdum að nemendur eru mjög jákvæðir gagnvart þróunarverkefninu, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að rúmlega 80% nemenda skólans hvetja aðra til þess að koma í hann.

Viðhorf nemenda hafa frá upphafi verið jákvæð en þau hafa engu að síður orðið jákvæðari eftir því sem liðið hefur á verkefnið. Sú ákvörðun að flýta verkefninu, þ.e. að láta það ná til allra nemenda strax á öðru ári, virðist hafa skilað sérstaklega góðum árangri. Enda þótt eldri nemendum skólans hafi litist misvel á breytta tilhögun þegar hún var kynnt þeim áður en ráðist var í breytingarnar, skiptu þeir flestir um skoðun og telja nú flestir að þetta fyrirkomulag henti þeim mjög vel.

Viðhorf foreldra

Þrjár formlegar kannanir hafa verið gerðar á viðhorfum foreldra, vorið 2007, vorið 2008 og vorið 2009. Kannanirnar voru gerðar í síma og voru sömu spurningar lagðar fyrir í öll skiptin. Rétt og skylt er að taka fram að kannanir þessar voru gerðar af starfsfólki skólans og kann það að hafa áhrif á svör þeirra og niðurstöður. Foreldrar voru spurðir um mat á líðan barns síns, mat á námsárangri, hversu vel námsfyrirkomulagið hentaði barninu, hvort skólinn hefði

staðið undir væntingum og hvaða félagsleg áhrif skólavistin hefði á barnið. Einnig voru foreldrar beðnir að nefna eitt atriði sem væri jákvætt við skólann eða skólavist barnsins og eitt atriði sem væri neikvætt.

Í fyrstu könnunin fengust svör frá 48 foreldrum. Niðurstöður voru í heild mjög jákvæðar. Allir foreldrar, utan eitt, töldu að barni sínu liði mjög eða frekar vel í skólanum. Eitt foreldri svaraði með því að velja svarliðinn hvorki vel né illa. Sex foreldrar voru óánægðir með námsárangur, aðrir jákvæðir. Aðeins eitt foreldri taldi námsfyrirkomulagið henta barni sínu illa og eitt foreldri taldi að skólinn hefði fremur illa staðið undir væntingum. Aðrir voru jákvæðir. Allir foreldrar, utan eitt, töldu að skólavistin hefði haft jákvæð félagsleg áhrif á barnið.

Þegar foreldrar voru beðnir um að nefna atriði sem þeir væru ánægðir með nefndu þeir góða kennslu, jákvæð viðhorf starfsmanna til nemenda og góð samskipti, metnað starfsmanna, gott umhverfi, góða íþróttaaðstöðu, einstaklingsmiðað nám, vinnustofufyrirkomulagið og góða líðan nemenda. Aðfinnslur snertu m.a. kennslu í sumum námsgreinum, fjarlægð, of litla áherslu á verklegt nám, kostnað og að betur mætti fylgjast með mætingu. Flestir svöruðu spurningu um neikvæð atriði með orðinu *ekkert*.

Niðurstöður kannananna 2008 og 2009, þegar allir nemendur skólans eru farnir að starfa í nýju námsumhverfi, eru mjög áþekkar. Jákvætt og áhugavert er að viðhorf foreldra í þeim eru enn betri en þau viðhorf sem fram koma í sambærilegri könnun 2007. Vorið 2009 fengust svör frá 54 foreldrum. Ennþá eru einstaka foreldrar sem telja að barninu þeirra líði hvorki vel né illa og eitt foreldri telur sínu barni líða frekar illa. Þrír foreldrar eru frekar óánægðir með námsárangur og sjö eru hvorki ánægðir né óánægðir, aðrir ánægðir. Hvað varðar námsumhverfið telur aðeins eitt foreldri að það henti sínu barni frekar illa. Eitt foreldri telur skólann hafa staðið frekar illa undir væntingum. Aðrir voru jákvæðir. Þá töldu fjórir foreldrar að skólavistin hefði hvorki haft jákvæð né neikvæð félagsleg áhrif á barnið, en aðrir jákvæð áhrif. [Hér má tilgreina nánar fjölda þeirra sem hafa jákvæð viðhorf]

Mikil samsvörun er einnig í því sem foreldrar nefna sem jákvæð og neikvæð atriði. Þó eru nú fleiri jákvæðar athugasemir um námsumhverfið og vinnustofurnar.

Viðhorf kennara og annarra starfsmanna

Ráðgjafi verkefnisins hefur frá upphafi kannað viðhorf allra starfsmanna til verkefnisins. Í byrjun voru skoðanir hópsins nokkuð skiptar en meirihluti engu að síður hlyntur þeim breytingum sem ráðgerðar voru. Efasemdarraddir snertu fyrst og fremst hversu stór skref ætti að stíga. Eftir því sem á hefur liðið hefur trú starfsmanna á verkefnið styrkst. Heimsókn stórs hluta starfsmanna í þrjá framsækna skóla í Minnesota í Bandaríkjunum í nóvember 2007 hafði afar jákvæð áhrif, einkum að sjá raunveruleg dæmi um það hvernig nemendur taka ábyrgð á eigin námi, t.d. með námssamningum og þjónustunámi (e. service learning).

Á matsfundi með ráðgjafa vorið 2008, í lok annars starfsárs verkefnisins, var farið ítarlega yfir stöðu mála; hvað hefði gengið vel og hvað mætti betur fara. Þau jákvæðu atriði sem kennarar nefndu oftast voru að fleiri nemendum gengi betur í náminu, nemendur væru jákvæðari og ánægðari í skólanum, verkefnaskil hefðu batnað og stundvísi sömuleiðis. Þá var það mat kennara að nemendur væru að nýta tíma sinn í vinnustofunum vel, samvinna kennara væri mun meiri og betri en áður og námsumhverfið hefði tekið jákvæðum breytingum. Dæmi um viðhorf kennara:

Ánægður ... það kemur ekki til greina að fara til baka ... miklu skemmtilegra ... meira gaman í kennslunni ... öðruvísi andrúmsloft ... frjálsglegra ... í heild jákvætt ... getum talað um ýmislegt annað en lexíu dagsins ... sveigjanleikinn er að verða eðlilegur ...

Eins og skemmtilegur vinnustaður ... nemendur eru jákvæðir ... betra utanumhald ... auðvelt að fylgjast vel með því hvar þeir eru staddir ...

Meiri samvinna ... mikil samvinna nemenda.

Nemendur eru að ná góðum árangri ... verkefni sniðugri ... þau sjá vinnu hvers annars ... verkefnaskil góð ... hafa batnað ... gott að geta hjálpað þeim sem standa illa ... persónuleg aðhlyning ...

Erum komin langt áleiðis með samvinnu kennara ... ræðum mikið saman ... erum á góðri leið

Umhverfið hefur tekið jákvæðum breytingum.

Verkefnið í Framhaldskólanum á Laugum hefur þá sérstöðu fram yfir mörg önnur skólaþróunarverkefni hér á landi að **allt** starfsfólk skólans tekur virkan þátt í umbótastarfinu. Starfsfólk í eldhúsi, heimavistarstjórar og húsvörður eru, svo dæmi sé tekið, jafnvel að sér um meginmarkmið verkefnisins og kennararnir og taka sömu ábyrgð á því og aðrir. Sem dæmi um viðhorf annarra starfsmanna má taka niðurstöður matsfundar með þeim vorið 2008 (sjá töflu 4, bls. 21).

Sambærilegar athugasemdir komu fram í mati kennara og annarra starfsmanna vorið 2009. Þar var fólk almennt ánægt með árangur verkefnisins og jákvæða umfjöllun sem það hefur fengið. Helstu áhyggjuefnin þá voru mæting í fyrsta tíma á morgnanna og umgengni í einum hluta heimavistar skólans.

Þessi jákvæðu viðhorf undirstrika þann góða árangur sem náðst hefur. Miklu varðar að allt starfsfólk skólans leggur sitt af mörkum.

Hindranir

Enda þótt verkefnið hafi gengið vel í heild hafa vissulega verið hindranir og markmið verkefnisins hafa ekki náðst hvað varðar alla nemendur. Nokkur hópur nemenda hefur ekki fundið sig í þessu umhverfi. Mat kennara er að um 10% nemenda hafi ekki notið sín við þessar aðstæður. Segja má að stöðug umræða hafi farið fram um það með hvaða hætti væri hægt að koma betur til móts við þá.

Þar sem kjarasamningar kennara miðast við aðra kennsluhætti en hér hefur verið lýst er ljóst að þeir geta sett starfinu nokkrar skorður, einkum hvað varðar allan sveigjanleika. Eins byggir þessi hugmyndafræði á samvinnu og teymisvinnu meðan kjarasamningar ganga út frá því að kennarinn sé einyrki. Ljóst er að ef halda á úti þróttmiklu og skapandi þróunarstarfi í framhaldsskólum þarf að gera ráð fyrir meiri tíma kennara til samvinnu og samráðs á starfstíma skólanna.

Afar áriðandi er að kjarasamningar kennara geri ráð fyrir því að unnt sé að fást við þróunarstarf með mun sveigjanlegri hætti en nú er. Núverandi kjarasamningar sníða framsæknu þróunarstarfi of þröngan stakk. Verkefnisstjórnin hefur rætt hugmyndir um breyttar vinnutímaskilgreiningar sem falla betur að núverandi starfsháttum skólans og áframhaldandi þróunarstarfi.

Tafla 4
Dæmi um viðhorf annarra starfsmanna en kennara
til verkefnisins á fundi 26. maí 2008

Jákvæð atriði	Það sem betur má fara
<ul style="list-style-type: none"> • Nemendum gengur vel ... stundvísi hefur batnað ... • Lítið samfélag ... allir þekkjast vel ...við erum eins og ein fjölskylda ... tengjast sterkum böndum ... enginn verulega útundan ... • Jákvæður skóli ... á heildina lítið ... • Jákvætt að hafa engar eyður ... allir í skólanum á sama tíma ... samfelldur skóladagur ... • Betri mæting í morgunmat ... nemendur eru að skila sér betur í matinn ... vinnusemin er betri í tímum ... jákvæðara viðhorf nemenda til skólans ... • Góður vetur ... nemendur jákvæðir ... • Hef unnið hér í tíu ár ... besti veturinn ... nemendur í jafnvægi ... skólastarfið aldrei gengið betur ... allir byrja á sama tíma ... eyður sem voru áður eru horfnar ... allir eru að vinna á sama tíma ... vinnustofur eru frábærar ... nemendur hafa lokið við námsefni sitt þegar skóladagur er búinn ... ánægð með þetta ... • ... góður vinnumóráll ... • ... alltaf skemmtilegt samstarf ... góðir nemendur ... gengið ótrúlega vel ... eins og bylting ... • Reglufesta á hlutunum ... skiptir máli ... vita að hverju þau ganga ... regla á hlutunum ... góður andi ... bæði hjá nemendum og starfsfólki ... 	<ul style="list-style-type: none"> • ... ekki margt sem er að ... • ... nemendur eru ekki nógu stundvísir ... • ... biðst undan kvörtunum ... allt gengið mjög vel í vetur ... • Nemendur eiga að þrifa salinn tvo daga í röð ... alltaf einhver hópur sem gerir það ekki ... eldri nemendur koma sér hjá þessu ... nokkrir nemendur eru ekki að standa sig • Ekkert kemur upp í hugann ... • Gengið rosalega vel í vetur ... • Ekki yfir neinu að kvarta • Þetta kerfi hentar aldrei öllum ... einhverjir detta á milli ... e-r sem ekki finna sig ... eru bara færri ... þetta kerfi kennir vonduð vinnubrögð og aga ... agavandi minnkar ... nemendur læra að vinna ... skipuleggja sig betur ... • Ekkert að kvarta ... • Nemendur þurfa að hugsa betur um sjoppuna ... þarf að fylgjast betur með þessu ... einhver þarf að fylgjast með þessu ... • Nemendur og starfsfólk gangi með nafnspjöld fyrst á haustin.

Húsnæði skólans hefur vissulega sett starfinu ákveðnar skorður. Skólastofur eru t.d. margar heldur litlar sem hindrar t.d. að uppröðun geti verið með þeim hætti sem kennarar kjósa. Þá hagar þannig til að kenna verður í mörgum byggingum og nemendur þurfa að fara á milli þeirra þegar þeir skipta um viðfangsefni. Þessu fylgja einnig einhverjir kostir (hreyfing, tilbreyting).

Breytingum fylgir oft óöryggi og viðbrögð við þeim eru oft þau að reynt er að spyrna við fótum (Fullan 2001, Tyack og Cuban, 1995). Því mátti búast við viðnámi í kennarahópnum, ekki síst í ljósi þess að verið var að ráðast í breytingar á rótgróinni skólastofnum með langa hefð. Þessi hindrun reyndist þó minni en ætla mátti. Vissulega komu upp efasemdir. Mörgum fannst of geyst farið, kennarar voru óruggir á hlutverki sínu í vinnustofum og þeir höfðu áhyggjur af því að komast ekki yfir námsefnið þegar hefðbundnum kennslustundum fækkaði. Einnig má nefna eðlilegar áhyggjur tungumálakennara af því að nemendur fengju ekki næga talmálsþjálfun

með þessu fyrirkomulagi. Þá hefur áður verið að því vikið að ekki voru allir jafn vel undirbúnir til nýta sér rafrænt kennsluumsjónarkerfi.

Á þessum þremur árum sem liðin eru frá upphafi verkefnisins hafa efasemdaraddirnar hljóðnað og kennarahópurinn orðinn samtaka um að horfa frekar til þeirra tækifæra sem felast í breytingunum. Þar hafa aukin samskipti og samvinna átt stærstan hlut að máli.

Mat ráðgjafa er að meginvandi þessa tilraunastarfs hafi verið fólgin í þeim kröfum sem gerðar eru í **Aðalnámskrá framhaldsskóla** um að allir nemendur sem velja sama áfanga læri sama námsefnið. Ströng markmiðssetning í námskránni hefur bundið hendur kennara og unnið gegn nauðsynlegum sveigjanleika og möguleikum til einstaklingsmiðunar. Miklar vonir eru því bundnar við ákvæði í nýjum lögum um framhaldsskóla sem skapa skólunum meira svigrúm til að ráða námskrám sínum.

Þá er það mat ráðgjafa að starfið sé of bóknámsmiðað og of bókarmiðað. List- og verkgreinar fá ekki verðugan sess og allt of mikill tími fer í eyðufyllingar og önnur hefðbundin verkefni á kostnað skapandi starfs. Tilraunir kennara til að brjóta upp hefðbundið form, og lýst hefur verið hér að framan, lofa vissulega góðu um framhaldið.

Næstu skref

Á kennarafundi á starfsdögum í ágúst 2009 var samþykkt að samhliða því að vinna nýja námsskrá fyrir skólann yrði megináhersla næstu misseri á að þróa kennsluhætti og námsmatsaðferðir. Til að leiða það starf voru skipaðir tveir starfshópar kennara, auk þess sem verkefnisstjórn starfandi áfram.

Hlutverk verkefnisstjórnar var skilgreint með þessum hætti:

- Leiða þróunarverkefnið og bera ábyrgð á framvindu þess
- Undirbúa og skipuleggja hvert skref sem tekið er meðan á verkefninu stendur
- Kynna allar breytingar og nýjungar fyrir starfsmönnum og nemendum
- Virkja og hvetja alla starfsmenn til þátttöku í verkefninu
- Vera ávallt tilbúin til að aðstoða og leiðbeina starfsmönnum
- Afla þekkingar á kennslufræði og námstilhögun í sveigjanlegu námsumhverfi og persónubundinni námsáætlun
- Vinna með umsjónarmanni tölvukerfis við þróun á aukinni notkun upplýsingatækni
- Finna lausnir á þeim vandamálum sem koma upp
- Samskipti og samvinna við ráðgjafa verkefnisins og aðrar menntastofnanir
- Upplýsingagjöf til skólastjórnenda, þátttakenda og samstarfsaðila
- Halda saman öllum gögnum og upplýsingum sem lúta að verkefninu
- Skrifa greinargerðir og skýrslur
- Gera tillögur að breyttu skipulagi kennslurýmis
- Sjá um kynningar á verkefninu til utanaðkomandi aðila
- Leiða gerð stefnumarkandi hluta námskrár
- Að aðlaga sjálfsmat skólans að breyttu skólastarfi.

Verkefni þróunarhóps um kennsluhætti var skilgreint með þessum hætti:

- Gerir tillögur að stefnu skólans í kennsluháttum.
- Hefur frumkvæði að tilraunum og þróun kennsluhátta.
- Heldur til haga reynslu af kennsluháttum.
- Gerir tillögur að endurmenntunarstefnu skólans varðandi kennsluhætti.
- Hefur samráð og samstarf við starfshóp um námsmat.
- Aflar sér þekkingar um kennsluhætti.

- Virkjar og hvetur alla kennara til þátttöku í þróun kennsluhátta.
- Veitir upplýsingar til skólastjórnenda og samkennara.
- Heldur saman öllum gögnum og skrifar greinargerðir um framgang verkefnisins.

Verkefni þróunarhóps um námsmat:

- Gerir tillögur að stefnu skólans í námsmati
- Hefur frumkvæði að tilraunum og þróun námsmats
- Heldur til haga reynslu af námsmati
- Gerir tillögur að endurmenntunarstefnu skólans varðandi námsmat
- Hefur samráð og samstarf við starfshóp um kennsluhætti
- Aflar sér þekkingar um námsmat
- Virkjar og hvetur alla kennara til þátttöku í þróun námsmats
- Veitir upplýsingar til skólastjórnenda og samkennara
- Heldur saman öllum gögnum og skrifar greinargerðir um framgang verkefnisins

Heildarmat

Þegar verið var að undirbúa verkefnið var stefnt að því að allir nemendur skólans fylgdu því fyrirkomulagi sem kennt var við sveigjanlegt námsumhverfi eftir þrjú ár. Þessari áætlun var flýtt um eitt ár og er það mat skólameistara, ráðgjafa og verkefnishóps að þetta hafi verið skynsamleg ákvörðun og þá sérstaklega að haga málum þannig að allir nemendur skólans væru saman í vinnustofum sem hefur haft mjög góð áhrif.

Annað markmið verkefnisins er að nemendur stundi nám samkvæmt persónubundinni námsáætlun. Þetta er langtíamarkmið og vitaskuld álitamál hversu langt er í raun hægt að ganga til að ná því. Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu er að því stefnt að nemendur geti t.d. stundað nám sitt að Laugum á ólíkum hraða. Vonir standa einnig til þess að námsáætlun hvers nemanda geti verið mun einstaklingsmiðaðri en verið hefur. Á síðasta ári verkefnisins voru stigin stór skref í átt til aukinnar einstaklingsmiðunar með því að taka upp leiðsögukenningarakerfið sem lýst hefur verið í þessari skýrslu og ánægja hefur verið með. Þar hefur ráðið mestu hversu vel hefur tekist að fá nemendur til að taka aukna ábyrgð á námsáætlunum sínum.

Þá var keppikefli að bæta námsárangur og ástundun. Erfitt er að fullyrða nokkuð um námsárangur þar sem vafasamt er að bera saman árganga. Flestir kennarar eru eindregið þeirrar skoðunar að nemendur séu að ná jafngóðum eða betri tókum á viðfangsefnum sínum en nemendur voru að gera við þá skipan sem áður var. Einhverjar vísbendingar felast í því að meðaleinkunn allra nemenda í öllum námsgreinum hefur aldrei verið hærrí en á síðasta skólaári eða 7,4, sem er hækking um einn heilan (var 6,3 áður en verkefnið hófst). Þá hafa margir kennarar gert grein fyrir því að áberandi sé hve verkefnaskil séu miklu betri nú á þessu skólaári en á undanföllum árum. Þá hefur hlutfall þeirra sem standast kröfur áfanga hækkað jafnt og þétt úr 71% í 83%. Þetta hlýtur að teljast verulegur árangur. Það er einnig til marks um árangur að skólanum helst nú betur á nemendum. Stöðugt fleiri nemendur ákveða að taka allt sitt framhaldsskólanám við skólann, en áður var nokkurt vandamál hversu stór hópur ákvað að hafa skamma dvöl á Laugum. Þá ber að geta þess að brottfall úr skólanum hefur verið í lágmarki. Ljóst er að þetta nýja fyrirkomulag hefur gert mörgum nemendum betur kleift að stunda námið með þeim hraða sem hverjum og einum hentar, hvort heldur er þeir sem vilja fara hraðar, sem og þeir sem þurfa hægari yfirferð. Í heildina hefur meðalnámstími til stúdentsprófs styst.

Með verkefninu var stefnt að því að bæta líðan nemenda. Í þessari skýrslu hefur m.a. verið gerð grein fyrir afstöðu nemenda og foreldra eins og hún hefur komið fram í formlegum könnunum. Undantekningarlítið líður nemendum vel í skólanum. Viðhorf þeirra til námsins, skólans og starfsfólks eru jákvæð og þeim líkar öll aðstaða vel. Skemmtilegt dæmi um viðhorf nemenda kemur fram í þessu svari í skriflegri könnun: *Félagslega umhverfið sem er hérna er virkilega gott, allir þekkja flest alla og geta óhræddir talað við annað fólk.* Í skýrslunni hefur verið gerð grein fyrir svörum nemenda skólans á síðasta skólaári hvort þeir treystu sér til að mæla með Laugum við vini sína. Það hlýtur að teljast jákvætt að 80% nemenda treysta sér til að mæla með skólanum.

Eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins var að breyta náms- og vinnuumhverfi þannig að upplýsingatækni yrði lifandi þáttur í starfsemi skólans. Á þessu sviði hefur orðið gjörbreyting. Eitt af upphafsverkefnum var að innleiða kennsluumsjónarkerfið [Angel](#). Hugmyndin með þessu var að nemendur ættu sem bestan aðgang að námsáætlunum, verkefnum og námsmati, hvar og hvenær sem væri. Innleiðing kennsluumsjónarkerfisins hefur í meginatriðum gengið vel, kennarar voru vitaskuld misfljótir að tileinka sér ýmsa af þeim möguleikum sem kerfið hefur upp á að bjóða. Einnig tók það nemendur nokkurn tíma að líta á það sem sjálfsgöðan hluta af námsumhverfi sínu. Þótt notkun kerfisins hafi farið frekar hægt af stað hefur mikið áunnist og óhætt að fullyrða að upplýsingatækni sé á góðri leið með að verða sjálfsgöður þáttur í daglegu starfi allra í skólanum; tölvan er orðin sjálfsgöður verkfæri nemandans.

Með þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar hefur skólinn skapað sér talsverða sérstöðu – en það var eitt af meginmarkmiðum þróunarstarfsins. Skólinn hefur skipað sér í hóp þeirra framhaldsskóla sem eru markvisst að leita eftir meiri sveigjanleika í námstillhögun til að koma betur til móts við ólíka nemendur. Athyglisvert er að það eru öðru fremur fámennir framhaldsskólar hér á landi sem hafa skipað sér í þessa sveit. Skýrsluhöfundum er kunnugt um áhugavert skólaþróunarstarf í svipuðum anda í Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Þá hafa kennarar við Menntaskólann á Akureyri kynnt mjög áhugaverð þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í skólanum á undanförunum árum. Til fróðleiks má geta þess að starfsfólk þessara skóla hefur ákveðið að eiga með sér samstarf þar sem kennarar geta borið saman bækur sínar og miðlað hugmyndum. Loks skal þess getið að ákveðið hefur verið að kennarar þriggja skóla, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Framhaldsskólans á Laugum og Menntaskólans í Borgarfirði, hafi samstarf um endurskoðun námskrár og hefur fengist sérstakur styrkur frá Menntamálaráðuneytinu til þess.

Þess hefur verið vænst að þessi breytta námstillhögun leiði til aukinnar aðsóknar að skólanum. Í þessu sambandi má geta þess að aðsókn að skólanum haustið 2009 fór fram úr vonum og sjaldan hefur stærri hópur haft skólann sem sitt fyrsta val. Stór hópur umsækjenda hafði skólann sem sitt annað val.

Mat skýrsluhöfunda er að helstu sóknarfæri á næstu misserum séu fólgin í frekari þróun kennsluhátta, í átt til aukinnar fjölbreytni. Eins skiptir máli að námsefni sé endurskoðað með hliðsjón af áhuga og þörfum nemenda. Ný framhaldsskólalög veita skólum mun meira svigrúm en áður til að móta eigin námskrá og hefur því svigrúm stóraukist til að vinna að þessu. Þróunarverkefnið hefur aukið til muna samráð og samstarf kennara og ættu því öll skilyrði að vera fyrir hendi til að ná þessu markmiði.

Í einu efni hefur lítið miðað, en það er að bæta mætingu nokkurs hóps (u.þ.b. 10%) nemenda. Mjög margar leiðir hafa verið reyndar til að koma betur til móts við þennan hóp, m.a. með aukinni leiðsögn, náms- og sálfræðiráðgjöf. Þetta hefur ekki skilað þeim árangri sem vænst var, en bjargir skólanna til að sinna þessum málum eru of takmarkaðar. Þessi vandi er ekki sérstakur vandi Framhaldsskólans á Laugum, heldur er þetta samfélagsvandi á landsvísu. Ráðuneyti mennta-, heilbrigðis- og félagsmála þurfa að sammælast um hvernig best er unnt að styðja þennan hóp, en hluti hans er í þeim áhættuhópi sem mun baka sjálfum sér og samfélaginu mikinn vanda ef ekki er á þessu tekið.

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að sýna fram á að verulegur árangur hafi náðst í þróunarstarfinu á Laugum. Oft miðar hægt við skólabreytingar en eins og sjá má af þeim gögnum sem vísað er til í þessari skýrslu er ljóst að starfsmenn við Framhaldsskólann á Laugum hafa tekið mörg veigamikil skref á stuttum tíma í því að breyta skóla.

Ýmsar skýringar má tilgreina til að skýra þann árangurinn sem náðst hefur. Í upphafi var góður jarðvegur fyrir breytingar og starfsmenn reiðubúnir að leggja á sig þá vinnu sem fylgir því að ráðast í svo viðamikil þróunarstarf. Jafnframt hefur starfsfólkið verið óhrætt við að að endurskoða fyrri ákvarðanir ef í ljós hefur komið að þær gengju ekki upp eða skiluðu ekki tilætluðm árangri. Þá má benda á að þó starfsmannahópurinn sé ekki fjölmennur er hann engu að síður fjölbreyttur og býr yfir ólíkri reynslu, en þetta skapar oft frjóar samræður. Þá hafa aðrir starfsmenn en kennarar lagt verulega af mörkum.

Eins og fram hefur komið hefur mikil áhersla verið lögð á að leita skoðana nemenda og nýta ábendingar þeirra við þróun verkefnisins. Nemendur hafa því verið beinir þátttakendur í þróunarferlinu. Sá ásetningur, að hlusta á raddir nemenda, ræður áreiðanlega miklu um árangurinn.

Þá skiptir miklu máli að allar kannanir sem gerðar hafa verið á viðhorfum nemenda, starfsmanna og forráðamanna nemenda hafa sýnt að breytingarnar hafa verið að skila þeim árangri sem til var ætlast. Jákvæð endurgjöf úr þessum könnunum hefur aukið úthald og áhuga starfsmanna.

Von skýrsluhöfunda er að skólanum verði sköpuð skilyrði til að vinna áfram að þessu verkefni. Hér gæti skipt sköpum að skólinn fengi hlutverk kjarnaskóla. Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla er þeim ætlað að hafa forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir og aðstoða aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði (Lög um framhaldsskóla, 2008). Starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum er reiðubúið til að taka að sér slíkt hlutverk og taka að sér að þróa einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegt námsumhverfi á framhaldsskólastigi.

Heimildir

Ancess, J. (2008). Small alone is not enough. How can educators recover the purposes of small schools. *Educational Leadership*, 65(8): 48–53.

Armstrong, Thomas, í þýðingu Erlu Kristjánsdóttur (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Arnór Benónýsson, Hallur Birkir Reynisson, Ingvar Sigurgeirsson, Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir og Valgerður Gunnarsdóttir (2007). *Sveigjanlegt námsumhverfi. Persónubundin námsáætlun. Skýrsla um þróunarverkefni skólaárið 2006–2007*. Þingeyjarsveit: Framhaldsskólinn á Laugum. [Sjá einnig á þessari slóð: <http://www.laugar.is/vefur/skrar/Lokaskyrsla07.doc>]

Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change*. (3. útgáfa.) New York og London / Toronto: Teachers College / Irwin Publishing.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Tyack, D. og Cuban, L. (1995). *Tinkering toward Utopia: A century of school reform*. Cambridge og London: Harvard University Press.

Rúnar Sigþórsson (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Steinþór Þráinsson (2005). *Saga Laugaskóla 1925–1988*. Þingeyjarsveit: Framhaldsskólinn á Laugum.

Sverrir Haraldsson (2004). *Skýrsla um þróunarstarfið almenn námsbraut við Framhaldsskólann á Laugum skólaárið 2003–2004*. Laugar: Framhaldsskólinn á Laugum.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Samþætt verkefnadrifið nám í desember 2008

Minnispunktur fyrir leiðsögu kennara Þriðjudagur 9. desember:

8:30 – 9:00 Morgunfundur:

Farið yfir dagskrá næstu daga með nemendum

Morgunfundir kl. 8:30

- gerð áætlun fyrir daginn
- hvað þarf að vinna og hvar
- hvaða verkefni/vandamál þarf að leysa.

Vinnutími

- hópur kennara alltaf til taks á Sal í gamla skóla og Gréta á bókasafninu
- Nemendur vinna í Gamla skóla – fá leyfi ef þeir vilja vinna inn á herbergi – láta vita af sér ef þeir fara burt af staðnum

Uppgjörsfundir kl. 15:00

- skrifa í vinnudagbækur
- uppgjör dagsins frá hverjum nemenda í hópnum (munnlegt)

Verkefnaskil á föstudag

- fyrirkomulag – hvernig dagurinn verður skipulagður

Sparifatapróf

- Skriflegt kl. 10:30 á laugardag

Farið yfir fyrirkomulag námsmats

Leggja áherslu á skiladaginn – föstudaginn 12. desember
Gert er ráð fyrir að meginþættir í námsmatinu séu 6 og vegi
u.þ.b. jafn mikið hver fyrir sig (þ.e. ca 17%).

1. Jafningjammat - fer fram við verkefnaskil á föstudag
2. Sjálfsmat – fer fram í sparifataprófinu
3. Kennaramat – ástundun og iðni (mæting)
4. Kennaramat – við verkefnaskil
– flutningur + innihald
5. Kennaramat – sparifataprófið
6. Skil á gögnum

Brýna fyrir nemendum að þeir verða að mæta tímanlega á alla fundi með kennurum og það þarf alltaf að vera hægt að ganga að því vísu hvar þeir eru að vinna að verkefnum sínum. 9:25 – ca. 10:50 Fyrsti vinnufundur

Tími með leiðsögu kennurum – við leggjum til að farið verði með nemendum vel og

vandlega í eftirtalin 5 verkefni. Síðan geta nemendur byrjað að vinna að verkefnum sínum.

1. Verkefni - Hverju eiga nemendur að skila í lokin?

- a. Verklýsingu
- b. Verkáætlun
- c. Vinnudagbók fyrir alla dagana
- d. Heimildaskrá
- e. Vinnugögn - best að skila sem allra mestu af þeim gögnum sem unnið er með á pappír. Þetta geta verið ljósrit, útprentanir o.s.frv.
- f. Afurðinni sjálfri

2. Verkefni - Verklýsing

Endurskrifa verklýsingar

- i. Merkja áfanga með áfanganúmeri
- ii. Gæta þessa vel að finna markmið úr viðkomandi áföngum sem tengjast efni verkefnis
- iii. Útfæra vel hvernig ætlunin er að skila á afurðinni - hvernig ætlar nemandinn að nota 7-8 mínútur til að kynna verkefnið sitt (síðan er gert ráð fyrir öðrum 7-8 mín í spurningar og umræður)

3. Verkefni - Verkáætlun

- a. Gera lista yfir allt það sem gera þarf í verkefninu. (eyðublað 1)
 - i. Leita heimilda, semja spurningar, lesa, skrifa, mynda, fönndra, leggja fyrir könnun, reikna út.....
- b. Tímamæla öll þau atriði sem gera þarf (eyðublað 1)
- c. Raða niður verkefnum á þann tíma sem til umráða er (eyðublað)

4. Verkefni - Vinnudagbók

- a. Hvað er skráð í vinnudagbók? (eyðublað 3)
 - i. Hvað var unnið og klukkan hvað.
- b. Uppgjör í lok dags.
 - i. Hvernig gekk vinnan?
 - ii. Kom eitthvað óvænt uppá?
 - iii. Hvernig gekk að halda áætlun?
 - iv. Þarf að endurskoða tímaáætlun?

Námsmat í samþættu verkefnadrifnu námi

- Námsmatinu er skipt í 5 þætti, sem allir hafa jafnt vægi.
- Hægt er að gefa 1-5 stig fyrir hvern þátt.
- Stigin eru sett inn í eftirfarandi töflu:

Lokið	1	2	3	4	5
Jafningjamat – kynning metin – <i>fer fram við verkefnaskil á föstudag</i>					
Sjálfsmat – Nem. leggja mat á eigin frammistöðu - <i>fer fram í sparifataprófinu</i>					
Kennaramat – ástundun, iðni, alúð og mæting. <i>Fylgst með á vinnudögum</i>					
Kennaramat – Innihald og samþætting – <i>gefið fyrir hvern áfanga</i>					
Gögn - sem eiga að fylgja Skilað á föstudag					

Ef nemandi lýkur ekki við alla þessa fimm þætti **lækkar** einkunn hans í báðum/öllum áföngunum.

Einkunnir:

- | | | |
|--------------|--------------|---------------------------------|
| 5 – 10 stig | = óviðunandi | - einkunn lækkar um einn heilan |
| 11 – 18 stig | = viðunandi | - einkunn stendur í stað |
| 19 – 25 stig | = mjög gott | - einkunn hækkar um einn heilan |

Til kennara

Námsmat í samþættu verkefnadrifnu námi

- Námsmatinu er skipt í 5 þætti, sem allir hafa jafnt vægi.
- Hægt er að gefa 1-5 stig fyrir hvern þátt.
- Stigin eru sett inn í eftirfarandi töflu:

Lokið	1	2	3	4	5
Jafningjamat – kynning metin – <i>fer fram við verkefnaskil á föstudag</i>					
Sjálfsmat – Nem. leggja mat á eigin frammistöðu - <i>fer fram í sparifataprófinu</i>					
Kennaramat – ástundun, iðni, alúð og mæting. <i>Fylgst með á vinnudögum</i>					
Kennaramat – Innihald og samþætting – <i>gefið fyrir hvern áfanga</i>					
Gögn - sem eiga að fylgja Skilað á föstudag					

Ef ekki er hægt að merkja **lokið** við alla þessa fimm þætti **lækkar** einkunn nemandans í báðum/öllum áföngunum.

Einkunnir:

5 – 10 stig	= óviðunandi	- einkunn lækkar um einn heilan
11 – 18 stig	= viðunandi	- einkunn stendur í stað
19 – 25 stig	= mjög gott	- einkunn hækkar um einn heilan

Nokkrar viðbótarskýringar og upplýsingar:

- **Jafningjamat:**
 - Útbúnir verða gátlistar sem nemendur fá í hendur til þess að meta verkefni samnemenda sinna.
 - Til þess að hægt sé að merkja við að nemandi hafi lokið þessum þætti þarf hann að hafa verið viðstaddur kynningar samnemenda í sínum hóp og lagt mat á þær.
- **Sjálfsmat:**
 - Útbúnar verða spurningar á sparifataprófinu þar sem nemendur eiga að leggja mat á verk sín og gefa sjálfum sér einkunn.
 - Til þess að hægt sé að merkja við að nemandi hafi lokið þessum þætti þarf hann að hafa mætt í sparifataprófið og svarað spurningunum sem lúta að þessum þætti.
- **Kennaramat – ástundun, iðni, alúð og mæting**
 - Til þess að hægt sé að merkja við að nemandi hafi lokið þessum þætti þarf hann að hafa tekið þátt í einhverri vinnu þessa daga.
 - Þetta meta leiðsögukennarar eftir að hafa fylgst með nemendum þessa 4 daga og geta einnig leitað álits hjá samkennurum. Leggja skal mat á það hvort skyldumætingu hafi verið fullnægt, hvaða metnað og alúð nemandinn lagði í verkefnið og hvernig hann nýtti þann tíma sem hann hafði.
- **Kennaramat – innihald og samþætting**
 - Til þess að hægt sé að merkja við að nemandi hafi lokið þessum þætti þarf hann að hafa skilað verkefninu af sér.
 - Hér á að leggja mat á innihald verkefnisins, og þá sérstaklega hvernig nemandanum tókst að tengja það áfangamarkmiðum þeirra áfanga sem hann samþætti. Hér er þarf að horfa á hvern áfanga fyrir sig og ekki sjálfgefið að sama mat sé í báðum/öllum áföngum.
- **Gögn** - sem eiga að fylgja
 - Til þess að hægt sé að merkja við að nemandi hafi lokið þessum þætti þarf nemandinn að skila a.m.k. einhverju af þeim gögnum sem eiga að fylgja, þ.e. verklýsing, verkáætlun, vinnudagbækur, heimildaskrá og önnur gögn.
 - Síðan er metið hvort allt hefur skilað sér og hversu vel það er unnið.

Fylgiskjal 2: Sparifatapróf



**Framhaldsskólinn
á Laugum**

Sparifatapróf

**13. desember 2008
kl. 10:30-12:00**

Nafn: _____

Vinsamlega svaraðu öllum spurningum á prófinu af heiðarleika og eftir bestu samvisku.

Vel rökstudd gagnrýni og ábendingar frá þér eru mikils virði við mat á verkefninu.

Með þökk fyrir samvinnuna í námsmatsviku
og góðri jólakveðju!
Kennarar

**Uppgjör á samþættingarverkefni í námsmatsviku
9. – 13. des 2008**

Hvað fannst þér þú læra af verkefninu?

Hvað fannst þér skemmtilegast við verkefnið?

Hvernig fannst þér ganga að samþætta áfangana?

Ertu ánægður með afurðina þína?

Hversu ánægður ert þú með eftirfarandi:

Dagskrá daganna

mjög ánægður frekar ánægður hvorki né frekar óánægður óánægður

Morgun og uppgjörsfundina

mjög ánægður frekar ánægður hvorki né frekar óánægður óánægður

Fyrirkomulag námsmats

mjög ánægður frekar ánægður hvorki né frekar óánægður óánægður

Aðgang að kennurum

mjög ánægður frekar ánægður hvorki né frekar óánægður óánægður

Tímann sem ætlaður er í þetta

mjög ánægður frekar ánægður hvorki né frekar óánægður óánægður

Tímasetningu á önninni

mjög ánægður frekar ánægður hvorki né frekar óánægður óánægður

Hvernig fannst þér tiltakast með námsmatsvikuna?

Finnst þér þessi tími annarinnar henta vel?

Hvernig hefðir þú viljað sjá námsmatið á verkefninu?

Mundir þú vilja sjá svona eða svipað verkefni aftur?

Ef farið verður í svipað verkefni aftur, hvað mundir þú vilja sjá öðruvísi?

Uppgjör á önninni í heild

Jákvæðir punktar	Neikvæðir punktar

Tillögur til úrbóta

Hvernig lýst þér á nýjar reglur um námsmat þar sem mæting og ástundun gildir 20% af einkunn hvers áfanga?

Fylgiskjal 3 : Námsmat á vorönn 2009

Stefna skólans í námsmati:

- Fylgja þróun í námsmati þar sem jöfn áhersla er lögð á hæfni, færni og þekkingu
- Dreifa námsmati hvers áfanga á önnina
- Námsmat sé fjölbreytt
- Draga úr vægi prófa

Fyrirkomulag námsmats á vorönn 2009

Settar eru upp **4 mismunandi námsmatsleiðir**. Í hverjum áfanga skal kennari velja **eina námsmatsleið**.

Vilji kennari gefa nemendum sínum kost á að velja um leiðir getur hann sett fram **tvær mismunandi leiðir** fyrir hvern áfanga sem nemendur velja á milli. Þetta val verður að fara fram í upphafi annar.

15. janúar skulu allir kennarar skila til áfangastjóra yfirliti yfir það hvaða námsmatsleiðir þeir hafa valið. Ef tvær leiðir eru í áfanga þarf að taka fram hvaða nemendur hafa valið hvora leið.

Það fer svo eftir því hvaða leiðir eru valdar hve margir prófdagar eru nauðsynlegir í lok annar.

Útfærsla á síðustu dögum annarinnar mun taka mið af því hvaða námsmatsleiðir verða valdar.

Próftafla á að liggja fyrir í **byrjun febrúar** og einnig hugmyndir að því hvernig annarlök verða.

Kennari gefur **kennaraeinkunn** í hverjum áfanga sem vegur 80% af lokaeinkunn áfangans.

20% námsmats hvers áfanga eru mætingar og vinnusemi.

- 7,5% mæting í fagtíma
- 7,5% mæting í vinnustofur
- 5% virkni og vinnusemi í vinnustofum

Hvatning til kennara:

- Kennarar skipuleggi samþættingarverkefni tveggja áfanga sem hluta af áföngunum (t.d. 10%). Þeir nemendur sem ekki væru í báðum áföngunum leystu annars konar verkefni.
- Hver kennari noti a.m.k. tvær mismunandi tegundir námsmats í hverjum áfanga.
- Kennarar leitist við í hverjum áfanga að meta hæfni, færni og þekkingu.
- Fara sparlega með notkun hugtaksins próf. Það námsmat sem ætlast er til að fari fram í vinnustofum kallist ekki próf heldur verkefni ...

Námsmatsleiðir:

Leið A – Sísmatsleið

- Násmat skal dreifast jafnt á önnina, og eiga sér stað a.m.k. tvisvar í mánuði.
- Engin námsþáttur má veða meira en 15% af **kennaraeinkunn** áfangans.
- Próf skulu rúmast innan fagtíma.
- Magn námsefnis sem lagt er til grundvallar skal taka mið af vægi þess námsmatsþáttar sem um ræðir hverju sinni (þ.e. nemendur þurfi ekki að lesa efni heils áfanga fyrir 15% námsþátt).

Leið B – Hlutaprófsleið

- Engin námsþáttur má veða meira en 25% af **kennaraeinkunn** áfangans.
- Próf skulu rúmast innan fagtíma.
- Magn námsefnis sem lagt er til grundvallar skal taka mið af vægi þess námsmatsþáttar sem um ræðir hverju sinni (þ.e. nemendur þurfi ekki að lesa efni heils áfanga fyrir 25% námsþátt).
- Líða verða a.m.k. tvær vikur á milli stórra námsþátta (20-25%).

Leið C – Lokaritgerðarleið

- Stærsti einstaki námsmatsþáttur áfangans er lokaritgerð sem gildir a.m.k. 35% af **kennaraeinkunn**.
- Próf skulu rúmast innan fagtíma.
- Magn námsefnis sem lagt er til grundvallar skal taka mið af vægi þess námsmatsþáttar sem um ræðir hverju sinni
- Líða verða a.m.k. tvær vikur á milli stórra námsþátta.

Leið D – Lokaprófsleið

- Stærsti einstaki námsmatsþáttur áfangans er lokapróf, sem gildir a.m.k. 35% af **kennaraeinkunn**.
- Lokaprófið er 90 mínútur (+ 30 auka mínútur fyrir nemendur með skilgreinda námsörðugleika) og er lagt fyrir á prófadögum í lok annar.
- Önnur próf skulu rúmast innan fagtíma.
- Magn námsefnis sem lagt er til grundvallar skal taka mið af vægi þess námsmatsþáttar sem um ræðir hverju sinni.
- Líða verða a.m.k. tvær vikur á milli stórra námsþátta.

Lagt fram 18. desember 2008
Verkefnastjórn